



Reykjavík 15. maí 2013

## **Niðurstöður athugunar hjá Lýsingu hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Hinn 9. janúar 2013 hóf Fjármálaeftirlitið athugun hjá Lýsingu. Athuginin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum Lýsingar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athugininni var lögð sérstök áhersla á eftirfylgni við sjálfsmat sem Fjármálaeftirlitið lagði fyrir tilkynningarskylda aðila, þ. á m. Lýsingu, á haustmánuðum 2010 og innri reglur fyrirtækisins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athuginina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi birtir Fjármálaeftirlitið niðurstöður nefndrar athugunar.

Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athuginina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að aðgerðir Lýsingar uppfylli almennt þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim og leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2011.